

SF  
54.52  
UST20050900020

U S T

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland  
Ø (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 30. september 2005  
Tilvísun: UST20050900020/sf

### Lagning vegslóða upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi. Frekari umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. september sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar vegna ofangreindrar framkvæmdar. Með erindinu fylgdu viðbótargögn frá Grýtubakkahreppi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felst í því að leggja 2,5-3 km langan veg upp á Grenivíkurfjall, en samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina liggur vegslóði nú þegar frá Látrastrandarvegi upp að þeim stað þar sem fyrirhugaður vegur byrjar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auðvelda fólkki að stunda vetrarsport og komast í snjóinn í Kaldbak. Einnig að lengja þann tíma sem fyrirtækið Kaldbaksferðir hefur til að þjónusta ferðamenn og flytja þá upp á Kaldbak. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verður breidd vegarins um 4 m með útskotum og er áætlað að 1200 rúmmetra af efni þurfi í burðarlag. Gert er ráð fyrir að nýta efni úr skeringum en reiknað er með að helmingur efnisins verði fenginn úr námum við Grenivík.

Í gögnum um framkvæmdina kemur fram að það svæði sem fyrirhugaður vegur liggur um er að miklu leyti gróðurlausir meler en einnig er farið yfir lyngmóa og mela með melagróðri. Um helmingur slóðans er á grónu landi. Í tilkynningu um framkvæmdina er bent á að með gerð vegarins heymi gróðurskemmdir sem snjósleðamenn valda í Grenivíkurfjalli sögunni til.

#### Verndarsvæði

Fyrirhugaður vegur liggur hvorki um svæði sem er á náttúrumínjaskrá né svæði sem er á náttúruverndaráætlun. Í nánd við framkvæmdasvæðið er þó svæði sem er á náttúrumínjaskrá, þ.e. svæði nr. 512, *Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfsanda*. Á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi er svæðið *Látraströnd – Náttfaravíkur* en mörk þess liggja aðeins sunnar ofan Grenivíkur en mörk svæðis nr. 512 á náttúrumínjaskrá. Kaldbakur er innan svæðisins. Samkvæmt náttúruverndaráætlun skal unnið að friðlýsingu svæðisins innan gildistíma áætlunarinnar.

Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu um framkvæmdina verður

jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ekki raskað.

Fyrirhugaður vegur mun liggja um vatnsverndarsvæði en á loftmynd sem fylgdi tilkynningu um framkvæmdina eru sýnd tvö vatnsból sem fyrirtækið Brim hf. nýtir. Vegurinn liggur að hluta til innan grannsvæðis og að hluta innan fjarsvæðis vatnsbólanna. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að tryggja vernd vatnsbólanna enda eru þau nýtt af matvælafyrirtæki en slík fyrirtæki reiða sig á ómengao neysluvatn í sinni framleiðslu.

Umhverfisstofnun telur að almennt eigi að forðast veglagningu innan vatnsverndarsvæða svo sem kostur er, ekki sist grannsvæða, til að tryggja öryggi vatnsbóla. Samkvæmt reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, skulu vegalagsnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan grannsvæða vera undir ströngu eftirliti. Með svörum Grýtubakkahrepps við umsögn Umhverfisstofnunar frá 15. september sl. fylgdi afrit af skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um vatnsból og verndarsvæði við Grenivík frá júlí 1994. Jafnframt fylgdi með afrit af bréfi heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þar sem fram kemur að eftir samráð við jarðfræðing sem vann tillögur að verndarsvæðinu sé talið að lítil sem engin hætta sé tekin varðandi vatnsbólið þó framkvæmdin verði leyfð. Með hliðsjón af framangreindum gögnum og með tilliti til umfangs framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu vegarins innan vatnsverndarsvæðis. Stofnunin telur þó rétt að sveitarfélagið setji reglur um umgengni og umferð um svæðið. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að gerð verði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa.

### Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir að veglagning upp á Grenivíkurfjall getur valdið töluberðu jarðraski og haft í för með sér mikil sjónræn áhrif ef ekki er staðið vel að framkvæmdum. Stofnunin telur mikilvægt að vegstæði og skeringar verði hannaðar áður en framkvæmdir hefjast til að tryggja að jarðraski og sjónrænum áhrifum verði haldið í lágmarki. Jafnframt þarf að tryggja að vegurinn nýtist fyrirhugum notendum sem skyldi en samkvæmt loftmynd sem fylgdi tilkynningu um framkvæmdina virðist fyrirhugað vegstæði vera nokkuð bratt á köflum. Þá bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að reynt verði að fella skeringar að landinu og að allt jarðrask verði grætt upp til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

### Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á að í gögnum um framkvæmdina koma ekki fram ítarlegar upplýsingar um efnistökustaði heldur kemur einungis fram að efni verði tekið úr námum við Grenivík. Stofnunin telur því að þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu um framkvæmdina séu vart fullnægjandi hvað varðar efnistöku. Umhverfisstofnun telur þó ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að efni verði tekið úr opnum námum við Grenivík. Stofnunin bendir á að ef opnaðar verða nýjar námar vegna framkvæmdarinnar þarf að leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. sömu laga.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu að ekki sé líklegt að fyrirhuguð lagning vegar upp á Grenivíkurfjall muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó mikilvægt að vandað verði vel til verka við framkvæmdina og að


U S T

fyrirhugaður vegur og skeringar verði hannaðar áður en framkvæmdir hefjast. Einnig er mikilvægt að vandað verði til frágangs að verki loknu og allt jarðrask grætt upp. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að settar verði reglur um umgengni og umferð um vatnsverndarsvæðið og að unnin verði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa.

Minnt er á að efnistaka þarf að vera í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfallst,

  
Sigurðrós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jansson  
forstöðumaður